

OECD Journal on Development

**Development Co-operation - 2005 Report - Efforts and Policies of the
Members of the Development Assistance Committee
Volume 7 Issue 1**

Summary in Icelandic

Greinargerð OECD um þróun

**Þróunarsamvinna – skýrsla 2005 – viðleitni og stefnumótun aðila að
nefnd um þróunaraðstoð
7 bindi, 1. tbl.**

Útdráttur á íslensku

Þessi skýrsla gefur innsýn í sum hinna stóru og ómeðfærilegu mála sem aðilar unnu saman að á árinu 2005. Munu gjafalöndin ná hinu árlega takmarki um 130 milljarða bandaríkjadollara árið 2010? Á hvaða leið er hjálpin og hvernig er hægt að nýta hana með betri árangri? Gengur tæknileg samvinna upp – að borga sérfræðingum frá þróuðu ríkjunum fyrir að vinna í þróunarríkjunum? Er nóg gert til að örva vöxt til hagsbóta fyrir líf fátæka fólksins? Hvaða ályktanir getum við dregið af sameiginlegum mistökum okkar við að ná fram takmarki okkar um jafnrétti kynjanna í skólum árið 2005?

Ef gefendur eiga að ná hinu samþykktu takmarki árið 2010 verður stígandinn í hjálparaðgerðum að aukast snarlega um 60% milli árána 2004 og 2010. Þetta þýðir meðaltalsaukningu um meira en 8% á ári, á þeim tíma sem ráðstöfunarfé OECD er undir miklum þrýstingi. Augljósri hjálpar„sprengju“ er spáð í opinberri þróunaraðstoð (ODA) til skamms tíma en drjúgur hluti af henni er afskriftir á ónotuðum skuldum til sárafárra ríkja og bendir ekki til aukinnar tilfærslu úrræða til mikils meiri hluta þróunarríkjanna.

Það er engin spurning að þróunarmál fengu óvenjulegt þversnið árið 2005. Árið hófst á því að heiminum hnykkti við hinni hroðalegu eyðileggingu sem flóðbylgjan í Indlandshafi olli 26. desember 2004, og í kjölfarið fylgdu fordæmislaus framlög sem streymdu ekki aðeins frá ríkisstjórnunum heldur líka frá venjulegu fólki um allan hnöttinn. Í júlí sýndi matarkreppan í Níger veikleika alþjóðlega kerfisins til að takast á við mun fyrirsjáanlegri mannlega neyð. Óvenjulega ofsafengið fellibyljatímabil í Karíbahafinu og Mexíkóflóa og tortímandi jarðskjálfti á Kasmírsvæðinu í október ásamt frekari vísbendingum um vandamál í fæðuöryggi í Suður-Afríku þýddi að það var ekkert lát á kröfum um mannúðaraðstoð.

Út frá pólitíkinni fagnaði ráðherraráðsfundur OECD í maí yfirlýsingu OECD um eftirfylgni við þúsaldaryfirlýsinguna og Monterrey-ráðstefnuna, sem skuldbinda OECD ríki til að auka viðleitni sína til að koma til móts við markmið þúsaldarþróunarinnar (MDG). G8 fundurinn í Gleneagles í júlí og fundur allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í september þjónuðu því að setja þróunarmál efst á hina alþjóðlegu dagskrá samhliða hinum nátengdu málum um loftslagsbreytingar og öryggis- og mannréttindamál. Árinu lauk með fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) í Hong Kong, sem beindi sjónum sínum að því hvernig koma ætti til skila Doha-loforðinu um „þróunarlotu“.

Þessu mati hefur verið mætt með **þyngd greiningarinnar**. Í janúar skilaði þúsaldaráætlun Sameinuðu þjóðanna skýrslu um hvernig ætti að breyta markmiðum þúsaldarþróunarinnar úr hnattrænni löngun í raunveruleika fyrir öll þróunarríkin. Skýrslan dró sérstaklega fram, miðað við núverandi stefnur að flest markmiðin færu forgörðum í mörgum þróunar- og aðlögunarríkjum, og færði rök fyrir notkun fyrirbyggjandi tækja, svo sem stefnumótun til að draga úr fátækt (PRS), á metnaðarfullri og yfirgrípsmeiri hátt, bætt upp með öðrum ráðstöfunum, svo sem „skjótum sigrum“ sem eru hannaðir eins og aukin afskipti meðfram sannreyndum meginráttum. Samkomulagið á þúsaldarfundinum í september um að setja á stofn nefnd til að undirbyggja frið skaut stoðum undir skuldbindingu alþjóðasamfélagsins til að koma í veg fyrir ofsafengna baráttu og til að styðja ríki í aðlögun sinni frá stríði til friðar. Í mars skilaði líka skýrslu nefnd um mál Afríku, fjármögnuð í Bretlandi, þar sem mátti finna yfirgrípsmiklar tillögur bæði fyrir afrísk ríki og þróunarfélaga þeirra til að bregðast við þeim áskorunum sem heimsálfan stendur frammi fyrir. OECD og efnahagsnefnd fyrir Afríku bættu þessa vinnu með fyrstu sameiginlegu endurskoðuninni milli Afríku og OECD. Í heimsþróunarskýrslu Alþjóðabankans var að finna nýja greiningu á merkingu hlutfjár í þróunarferlinu.

Á árinu sáust líka raunverulegar aðgerðir. Lok **fjöltrefjasamkomulagsins** – síðustu aðgerðarinnar í Úrúgvælotunni – gáfu ótrúlegum breytingum í textílvíðskiptamynstri lausan tauminn þrátt fyrir að vera mörgum birgjum þróunarríkja sársaukafullt og hafa um stundarsakir verið þvingað af endurálagningu stjórnþækja á nokkrum lykilmörkuðum. Samkomulag náðist um að þurrka út fjölbjóðlega skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðaframtakstofnunina (IDA) og Þróunarsjóð Afríku (ADF) fyrir þau ríki sem höfðu náð árangri að frumkvæði stofnunar um skuldug, fátæk ríki. Þar að auki voru mikilvægar ákvarðanir teknar um bæði magn og árangur hjálparinnar, eins og nánar verður greint frá síðar í þessum kafla.

Enn frekar virðast þróunarríkin, í kjölfar áhrifamikils vaxtar árið 2004, hafa haldið áfram að vaxa með tilliti til tekna á mann vel umfram OECD ríki þar sem Afríka gefur loksins vísbendingu um marktæka (samt enn of litla) aukningu í tekjum á mann. Í mörgum ríkjum héldu vísar að stjórnunarháttum áfram að rísa. Skyndileg hækkun olíuverðs færði olíuútflytjendum óvæntan gróða og hefti vöxt annarra, en neikvæð áhrif á þróunarríkin virðast á ritunartíma, að öllu samanlögðu, hafa verið mildari en búast mátti við.

Í stuttu máli minnti árið 2005 okkur á að marktækra breytinga er þörf ef ástand hinna fátæku í heiminum á að skána í einhverju hlutfalli við það sem gefið er í skyn í markmiðum þúsaldarþróunarinnar. En árið gerði líka talsvert til að byggja í sívaxandi mæli upp sameiginlegt framtak sem þjónar þeim tilgangi að auka framfarahraðann með því að takast á við stig skorts og ójafnaðar sem heimurinn getur ekki sætt sig við lengur.

Skrifstofa nefndar um þróunaraðstoð (DAC) hjá OECD áætla að heildargreiðsla aðila að DAC fyrir opinbera þróunaraðstoð muni vaxa úr 79,5 milljörðum bandaríkjadollara árið 2004 í 128,1 milljarð árið 2010 (á föstu verðlagi bandaríkjadollara árið 2004) sem er aukning um nánast 50 milljarða bandaríkjadollara. Þetta merkir mögulega mestu þenslu í opinberri þróunaraðstoð eins og hún hefur verið mæld hjá nefndinni um þróunaraðstoð frá stofnsetningu hennar árið 1960. Hvað sem því líður er enn, þrátt fyrir uppörvandi vísbendingar, óvissa um það hvort staðið verður við hjálpina sem heitið var í Monterrey fyrir árið 2006, og þrátt fyrir „sprengju“ í opinberri þróunaraðstoð til skamms tíma munu gefendur verða að fjölga með hraði öðrum hjálparaðferðum ef þeir eiga að geta nálgast markmiðið sem var sett fyrir árið 2010.

Er hægt að auka hjálp á árangursríkari hátt með áformum um aukið hjálparfé? Ef þróun er virkilega að verða meira samtaka og sameiginlegra framtak verða áunnin mynstur um afhendingu hjálpar að breytast frekar, og fjöldi frumkvæðisverkefna hefur endurmótað leiðina til aðstoðar sem margir gefendur hafa áformað og staðið við síðustu árin. Mestu munaði að Parísarþing háttsettra embættismanna í mars 2005, sem nefndin um þróunaraðstoð hjá OECD tók þátt í að fjármagna, og hin samþykktá þúsaldaryfirlýsing, mörkuðu fordæmislausan grundvöll fyrir samkomulagi og ásetningi um að bæta hjálpina til að gera hana árangursríkari í baráttu gegn hnattrænni fátækt. Árangurinn ætti að veita mikla hvatningu til staðbundinnar viðleitni til að breyta hegðunarmynstri milli gefenda og milli gefenda og þiggjenda á þann hátt sem ætti að hvetja til frekari sjálfbærrar þróunar.

Geta til uppbyggingar er aðal- og eitthvert erfiðasta verkefnið til að takast á við í þróunarmálum. Hvort sem við erum að tala um hið „sjálfbjarga ríki“ og getu opinberra stofnana til að standa við þjónustu eða skapa árangursríkt umhverfi til þróunar eða getu einkageirans, borgaralegs samfélags eða einstaklinga, er ósvikin uppbygging getu lykillinn að sjálfbærum framförum. Árangurinn sést sjaldan fljótt. Tækninefnd og uppbygging getu eru fjarri því að vera sömu merkingar. En við verðum að líta á það að hver miklu leyti Tækninefndar-áætlanir geta betur endurspeglað skilninginn á vinnu nefndarinnar um þróunaraðstoð, þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna og annarra um getu til uppbyggingar og hvernig laga má til námsáætlun í efri bekkjum menntaskóla til að styðja staðbundnar stofnanir sem hjálpa við að byggja getu. Of oft hefur viðleitnin einskorðast við að uppfæra leikni einstaklinganna án þess að gefa því gaum að bæta þarf frammistöðu stofnananna sem þeir vinna í, að ekki sé talað um breiðara stofnanasamhengi sem stofnanirnar sjálfar hrærast í. Þetta getur haft í för með sér uppgjöf hinna þjálfuðu einstaklinga og lágmarksáhrif á stofnanirnar. Nauðsynlegt getur verið að beita klókindalegri nálgun, og það til lengri tíma, að því að uppfæra lykilstofnanir sem áætlun um að auka leikni einstaklinganna yrði þá fléttuð inn.

Lærdómurinn sem draga má af þessu um uppbyggingu getu bendir til skorts á varanlegri og þrautseigri nálgun þar sem skammtímaáætlunarmarkmið gefenda leysa af hólmi vaxtarbreytingar til langs tíma. Aukning hjálpar í heilan áratug leggur til tækifæri til að setja raunhæfari tímaviðmið fyrir vilja til uppbyggingar getu sem er studdur með fyrrisjáanlegra flæði hjálpar. Hjálparaukning útheimtir gaumgæfilega eftirtekt í málum yfirráðasvæða hjálparinnar, einkum í Afríku og almennt í smærri ríkjum, og jafnframt þarf að gangast við áhættu af lykilstjórnunarháttum sem umlykja hina auknu áskorun.

Núna erum við jafnframt á vafasömum tímamótum á vegferð okkar að markmiðum þúsaldarþróunarinnar og að stefnumótunum árið 2015. Misbresturinn á því að uppfylla takmarkið um jafna þátttöku stúlkna og drengja í skólum undirstrikar þörfina á því að endurspegla sérstaklega hvernig kynjaumfangið í þróun getur þokast áfram á árangursríkan hátt.

Það er aukinn skilningur á takmörkunum á „samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða“ sem úrræði í sjálfu sér. Í því felst ósvikin skuldbinding, bæði fyrir einstaklinginn og heilt yfir, um að gangast við sumum mistökum okkar og kanna leiðir til að „spýta í lófana“. Við verðum að nota umtalsverða orku og nýjungar í kring til að hugsa upp á nýtt leiðir til að nálgast afhendingu hjálpar, deila mistökum okkar, læra hvert af reynslu hinna og vinna sameiginlega að endurnýjuðum ásetningi.

© OECD 2006

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop//**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

